

FYLGISKJAL NR. 1039

DAGS 17.11.2005

SAMANTEKT:

Hér má sjá að bæjarstjóri, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, sendir formlegt erindi til bæjarráðs Mosfellsbæjar þess efnis að óska eftir hvernig og með hvaða hætti ætti að standa að ráðstöfun lóðaleiguhafa á lóðum í kjölfar deiliskipulags og vísar til fundar bæjarráðs nr. 717 (sjá fylgiskjal nr. 1038).

Í fylgiskjalinu hér (því fremsta) kemur fram að niðurstaða bæjarráðs á fundi nr. 745 var samþykkt með þremur atkvæðum að vísa erindinu til bæjarstjórnar til afgreiðslu.

Ekki er þess getið hér hvort og þá hverjir hafi vikið af fundi undir þessari atkvæðagreiðslu.

Meðfylgjandi er einnig tillaga að virði byggingarréttar, heimilda sem Mosfellsbæ ætti að veita lóðarleiguhöfum, tillögur um að Mosfellsbær myndi annast gatnagerð á svæðinu í samræmi við gildandi deiliskipulag og að lóðarleiguhafar geti hvenær sem er innan fjögurra ára óskað eftir því að Mosfellsbær yfirtaki byggingarrétt viðkomandi lóða eða þeirra lóða sem óbyggðar kunna að vera, greiði Mosfellsbær 75% af hluta gatnagerðargjalda til baka.

